Laufblaðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS 22. árg. 2013 3. tbl.

Nýr samningur um Landgræðsluskóga

Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra og Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, skrifuðu þann 26. nóvember síðast liðinn undir samning um Landgræðsluskóga og fór undirskriftin fram í Selinu, bækistöð Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Samningurinn felur í sér áframhaldandi stuðning ríkisins við verkefnið Landgræðsluskóga, sem hefur það markmið að endurheimta landgæði með ræktun og gróðursetningu í lítt og ógróið land.

Landgræðsluskógar eru umfangsmesta skógræktar- og uppgræðsluverkefni skógræktarfélaganna. Var því hleypt af stokkunum árið 1990 í tilefni 60 ára afmælis Skógræktarfélags Íslands, í samvinnu skógræktarfélaganna í landinu, Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins og þáverandi landbúnaðarráðherra. Svæði Landgræðsluskóga eru í umsjón og á vegum skógræktarfélaganna og eru nú um 130 samningsbundin svæði víðs vegar um land, en Skógræktarfélag Íslands fer með stjórn verkefnisins.

Þess má til gamans geta að 20 milljónasta plantan á vegum verkefnisins var gróðursett af frú Vigdísi Finnbogadóttur nú í haust, í Smalaholti í Garðabæ, en Vigdís gróðursetti einmitt fyrstu plöntu verkefnisins á sama stað árið 1990.

Nýi samningurinn gildir til fimm ára og felur í sér 35 milljón króna árlegt framlag til verkefnisins.

Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands og Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, takast í hendur að lokinni undirskrift (Mynd: RF).

Steinar Björgvinsson (t.v.), framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, ávarpar gesti, en fulltrúar frá nokkrum skógræktarfélögum voru mættir til að fylgjast með undirskriftinni, enda ekki á hverjum degi sem slíkur samningur er undirritaður (Mynd: RF).

Skógarminjar og munir

Uppi á vegg hér á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands hangir myndarleg bjúgskófla. Var hún í eigu Kjartans Sveinssonar, sem bar á sínum tíma hitann og þungann af skógræktarstarfi í Elliðaárdal og eru nú mörg stæðileg tré sem eiga tilvist sína í mold meðal annars þessari ágætu skóflu að þakka (sjá nánar í 3. tbl. Laufblaðsins 2012). Það er því meiri og merkilegri saga á bak við þessa skóflu, en gesti, sem koma á skrifstofu félagsins, grunar í fljótu bragði.

Það er nefnilega svo, að margir þeir munir sem tengjast sögu skógræktar hér, virðast kannski ekki merkilegir við fyrstu sýn. Mikið af þeim eru ýmsir hagnýtir munir - skóflur, hakar, girðingastaurar, plöntustafir, fötur, plógar, sagir, axir og þannig mætti lengi telja. Þessum munum var ekki ætlað að vera stofustáss og fer því lítið fyrir flúri og skrauti á þeim. Fyrir vikið eru þeir í meiri hættu á að lenda á ruslahaugunum, en skrautmunirnir, af því að núverandi eigendur þeirra gera sér ef til vill ekki grein fyrir hvaða sögulegu verðmæti þeir eru með í sínum fórum. Það er ekki öllum tamt að telja skófluna hennar ömmu eða hakann hans afa eitthvað merkilegt, nema kannski í mesta lagi fyrir fjölskylduna. Það er hins vegar ein einföld staðreynd sem gerir slíka muni ef til vill merkilegri hér, heldur en víða annars staðar. Skógrækt er tiltölulega ung hér á landi - upphaf skipulegrar skógræktar er iðulega miðað við gróðursetningu Furulundarins á Þingvöllum árið 1899. Þótt rúm öld geti virkað sem dágóður tími eru þetta ekki margar kynslóðir. Móðurafi minn var til dæmis fæddur árið 1902. Ef hann hefði sýslað við trjá- eða skógrækt, þýddi það að hakinn hans afa væri frá upphafsárum skógræktar hérlendis. Ólíkt flestum öðrum þjóðum höfum við enn tækifæri til að ná yfir þetta tímabil, að ná utan um skógarminjarnar. Við höfum enn skógræktarfólk sem nær að brúa bilið til þessara upphafsára, aldna höfðingja af báðum kynjum sem þekkti fyrstu forsvarsmennina eða höfðu fyrstu handar frásagnir af þeim og þeim gripum sem þeir fengust við. Við höfum enn tækifæri til að skrásetja skógarminjarnar - skóflurnar, hakana og allt hitt. Spurningin er bara - nýtum við tækifærið?

Ragnhildur Freysteinsdóttir
ritstjóri

Afmælisgróðursetning hjá Skógræktarfélagi Akraness

Árið 2012 fagnaði Skógræktarfélag Akraness 70 ára afmæli félagsins og var haldið upp á það með afmælisfundi þann 18. nóvember 2012. Skógræktarfélag Íslands færði félaginu trjáplöntur að gjöf, en vegna þess að komið var fram á vetur þegar fundurinn var haldinn var ákveðið að bíða með gróðursetningu plantnanna fram á næsta ár.

Starfsmenn Skógræktarfélags Íslands hittu stjórnarmenn í Skógræktarfélagi Akraness í Garðaflóa við Akranes þann 17. október síðast liðinn og gróðursettu afmælisplönturnar í sameiningu. Voru settar niður níu tegundir og voru það sumareik, fjallaþöll, silfurreynir, marþöll, roðakirsi, garðahlynur, heggur, alaskaepli og tvö gráelri og komu plönturnar frá Gróðrarstöðinni Þöll í Hafnarfirði.

Að gróðursetningu lokinni var boðið upp á smá hressingu en síðan var haldið í stutta skoðunarferð um svæði félagsins; Garðaflóa, Garðalund og Slögu í Akrafjalli. Þess má geta að aðalfundur Skógræktarfélags Íslands er fyrirhugaður á Akranesi á næsta ári.

Félagsmenn Skógræktarfélags Akraness og starfsmenn Skógræktarfélags Íslands að gróðursetningu lokinni. F.v. Stefán Teitsson, Guðmundur Vésteinsson, Leó Jóhannesson, Philippe Ricart, Hrefna Einarsdóttir, Brynjólfur Jónsson, Jens B. Baldursson, Eiríkur Karlsson, Einar Gunnarsson og Bjarni Þóroddsson. Á myndina vantar Þóru Björk Kristinsdóttur, sem þurfti að fara með fyrra fallinu og ljósmyndara - Ragnhildi Freysteinsdóttur (Mynd: RF).

Borgartréð í Reykjavík 2013

Borgartréð 2013 var formlega útnefnt við hátíðlega athöfn fimmtudaginn 12. september, en það er ilmbjörk er stendur í garði Ásmundarsafns. Jón Gnarr borgarstjóri útnefndi tréð í góðu veðri, en það eru Skógræktarfélag Reykjavíkur og Reykjavíkurborg sem útnefna Borgartré árlega. Valgeir Guðjónsson tónlistarmaður, ásamt börnum úr leikskólanum Laufásborg, frumflutti lag og texta sem hann samdi af þessu tilefni.

Ingrid Sveinsson, eiginkona Ásmundar Sveinssonar og Anna Sveinsdóttir systir hans gróðursettu tréð á hvítasunnu árið 1944. Stendur tréð á besta stað í garðinum. Það greinist í sex greinar og hefur þjónað nokkrum kynslóðum Reykvíkinga sem klifurtré og gæti sú notkun hafa haft áhrif á lögun þess. Var tréð mælt í tilefni útnefningarinnar og reyndist það 4,7 metrar á hæð, með breiða krónu, sem er um 8 metrar í þvermál.

Jón Gnarr borgarstjóri sýnir fram á ágæti Borgartrésins sem klifurtrés undir vökulu auga Valgeirs Guðjónssonar og krakkanna á Laufásborg (Mynd: Kristinn Svanur Jónsson).

Fræðsluferð til Noregs

Skógræktarfélag Íslands hefur um áraraðir staðið fyrir fræðsluferðum á erlenda grund og er ferð ársins 2014 nú í undirbúningi. Fyrirhugað er að fara til Noregs næsta haust, en félagið fékk boð um heimsókn frá Skógræktarfélaginu í Sogni og fjörðunum.

Hægt er að skrá sig strax á áhugalista fyrir ferðina til að fá nánari upplýsingar um hana um leið og þær liggja fyrir. Hafið samband við Skógræktarfélag Íslands, skog@skog.is eða s. 551-8150.

Í þessa ferð félagsins, líkt og aðrar, gildir að fyrstur kemur, fyrstur fær.

Takmarkaður sætafjöldi er í ferðina!

Laufblaðið

Fréttablað, 22. árgangur,
3. tölublað 2013.

Útgefandi:
Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:
Ragnhildur Freysteinsdóttir.
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:
Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:
Brynjólfur Jónsson
framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2013:
Magnús Gunnarsson, formaður
Sigrún Stefánsdóttir, varaform.
Guðbrandur Brynjúlfsson, gjaldkeri.
Þuríður Yngvadóttir, ritari.

Meðstjórnendur:
Aðalsteinn Sigurgeirsson
Gísli Eiríksson
Páll Ingþór Kristinsson

Varamenn:
Sigríður Heiðmundsdóttir
Kristinn H. Þorsteinsson
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands

Arion banki

TOYOTA

Ráðstefna um skóga og skógarminjar

Dagana 12.-14. september var haldin ráðstefna um skóga og skógarminjar - „Nordic Forest History Conference“. Fór ráðstefnan sjálf fram föstudaginn 13. september, en daginn áður og eftir var farið í skoðunarferð. Voru þátttakendur frá níu löndum mættir á ráðstefnuna - Íslandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Færeyjum, Skotlandi, Írlandi og Kanada.

Fimmtudaginn 12. september tók Skógræktarfélag Íslands á móti þátttakendum í Furulundi á Þingvöllum og sagði þeim stuttlega frá félaginu. Tók Einar Sæmundsen, upplýsingafulltrúi Þingvallaþjóðgarðs, svo við gestunum við þingstaðinn á Þingvöllum og fræddi þá um þjóðgarðinn, en þaðan hélt hópurinn svo í Vinaskóg, þar sem Skógræktarfélagið stóð fyrir gróðursetningu. Var hverju landi úthlutað einu tré og gróðursettu fulltrúar hvers lands sitt tré.

Þátttakendur á ráðstefnunni glaðbeittir að lokinni gróðursetningu í Vinaskógi (Mynd: BJ).

Námskeið um jólatré

Skógræktarfélag Reykjavíkur stóð fyrir námskeiði um ræktun jólatrjáa 22. október síðast liðinn, í samstarfi við Else Möller skógfræðing, en lokaverkefni hennar í námi fjallaði einmitt um hraðræktun jólatrjáa á ökrum.

Voru rúmlega tuttugu manns sem mættu á skólabekkinn í Gamla salnum að Elliðavatni og voru þar fulltrúar frá helstu aðilum sem selt hafa innlend jólatré - ýmsum skógræktarfélögum, Landssamtökum skógareigenda, landshlutabundnum skógræktarverkefnum og Skógrækt ríkisins.

Var farið yfir helstu þætti ræktunar jólatrjáa - markaðsmál, val tegunda til ræktunar og ræktunaraðferðir og formun á trjám til að gera þau söluvænlegri.

Að erindum loknum var haldið til skógar, til að skoða jólatré. Sköpuðust miklar umræður í kjölfarið, enda um áhugavert efni að ræða.

Eins og stendur er einungis um fimmtungur seldra jólatrjáa innlendur, megnið er innfluttur nordmannsþinur frá Danmörku. Það eru því töluverð sóknarfæri í ræktun jólatrjáa hérlendis.

Þátttakendur á námskeiðinu hlusta af áhuga á Else Möller fara yfir helstu þætti í ræktun jólatrjáa. (Mynd: RF).

Reykjavík

Auglýsingastofan ENNEMM, Brautarholti 10
Á.T.V.R., Stuðlahálsi 2
Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1
Fiskmarkaðurinn ehf, Aðalstræti 12
Garðmenn ehf, Skipasundi 83
Gjögur hf, Kringlunni 7
Guðmundur Jónasson ehf, Borgartúni 34
Háskóli Íslands, Sæmundargötu 4
Hilmar D. Ólafsson ehf, Eldshöfða 14
Kirkjugarðar Reykjavíkur-prófastsdæma, Vesturhlíð 8
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
KOM almannatengsl, Katrínartúni 2
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
Landsnet hf, Gylfaflöt 9
Loftstokkahreinsun.is, s: 567-0882, Garðhúsum 6
Nexus afþreying ehf, Nóatúni 17
Oddgeir Gylfason, tannlæknir og læknir, Vínlandsleið 16
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
Rafsvið sf, Þorláksgeisla 100
Skorri ehf, Bíldshöfða 12
Skúlason og Jónsson ehf, Skútuvogi 6
Tannsmiðjan Króna sf, Suðurlandsbraut 46
Túnverk ehf, Jónsgeisla 45
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14
Verðbréfaskráning Íslands hf, Laugavegi 182
Verkfræðistofan Afl og Orka ehf, Hraunbergi 4
Við og Við sf, Gylfaflöt 3

Kópavogur

Hvellur-G. Tómasson ehf, Smiðjuvegi 30
Ljósvakinn ehf, Vesturvör 30b
MHG verslun ehf, Akralind 4
Rafmiðlun hf, Ögurhvarfi 8

Garðabær

Geislatækni ehf - Laser-þjónustan, Suðurhrauni 12c
Raftækniþjónusta Trausta ehf, Lyngási 14
Suðurtún ehf, Súlunesi 12

Hafnarfjörður

Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Gullhellu 1
Hvalur hf, Reykjavíkurvegi 48
Trésmiðjan okkar ehf, Lyngbergi 19a
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64

Reykjanesbær

Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Toyota Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14

Grindavík

Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a

Mosfellsbær

Nonni litli ehf, Þverholti 8
Röðull bílaverkstæði, Flugumýri 6

Akranes

Gísli Stefán Jónsson ehf, Stillholti 7

Borgarnes

Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsnesi
Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1
Skógræktarfélag Borgarfjarðar, Kveldúlfsgötu 18

Stykkishólmur

Málflutningsstofa Snæfellsness, Aðalgötu 24

Hellissandur

Vélsmiðja Árna Jóns ehf, Smiðjugötu 6

75 ára afmæli Skógræktarfélags Borgarfjarðar

Skógræktarfélag Borgarfjarðar hélt upp á 75 ára afmæli félagsins í Grímsstaðagirðingu á Mýrum þann 26. október. Var tilefnið notað til að heiðra í leiðinni minningu hjónanna Hallgríms Níelssonar og Sigríðar Helgadóttur, en þau færðu félaginu landið innan girðingar að gjöf við stofnun félagsins þann 5. nóvember 1938.

Ýmislegt er búið að gera í skóginum, til dæmis lagfæra girðingu, setja upp handhægt gönguhlið og útbúa áningarstað með borði, en þar hófst einmitt afmælisathöfnin. Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, formaður Skógræktarfélags Borgarfjarðar, flutti stutt ávarp og að því loknu sagði Óskar Guðmundsson nánar frá þeim hjónum, Hallgrími og Sigríði.

Að því loknu var haldið til bæjar á Grímsstöðum, þar sem boðið var upp á afmæliskaffi, meðal annars forláta afmælisköku skreytta með merki félagsins. Guðni Haraldsson, eigandi Grímsstaða, sagði nánar frá húsinu og Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, flutti kveðju frá stjórn þess félags. Afmælisgestir áttu svo góða stund í húsinu.

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, formaður Skógræktarfélags Borgarfjarðar, ávarpar afmælisgesti í Grímsstaðagirðingu (Mynd: RF).

Svo draumar þíns hjarta rætist…

Ræða í tilefni af 75 ára afmæli Skógræktarfélags Borgarfjarðar, flutt í skógræktinni við Grímsstaðagirðingu laugardaginn 26. október 2013. Til heiðurs gefendum landsins, Hallgrími Níelssyni og Sigríði Helgadóttur.

Lát hann stökkva svo draumar þíns hjarta rætist.

Hugmyndin um sérstakt skógræktarfélag í Borgarfirði kom upp innan vébanda ungmennafélaganna í héraðinu á fjórða áratug liðinnar aldar. Allt frá stofnun þeirra upp úr aldamótunum 1900 hafði verið lögð rík áhersla á ræktun landsins samfara annarri ræktunarstarfsemi. En nú var orðið knýjandi að bindast samtökum um þetta hugsjónamálefni - skógrækt. Og 5. nóvember 1938 var boðað til almenns fundar í Borgarfjarðar- og Mýrasýslum í þeim tilgangi að stofna Skógræktarfélag Borgarfjarðar. Fundurinn var vel sóttur og yfir 50 manns gengu þegar í félagið. Og á næstu misserum fjölgaði þeim svo þeir urðu yfir 300 talsins innan fárra ára.

Meðal þeirra hugsjónamanna sem ýttu skógræktarfélaginu úr vör var héraðshöfðinginn Hallgrímur Níelsson, bóndi og hreppstjóri á Grímsstöðum á Mýrum. Upptendraður af stemmingu ungmennafélagshugsjónarinnar færði hann félaginu í morgungjöf tíu hektara af skóglendi úr landi Grímsstaða. Þess hefur oftlega verið minnst á tímamótum í sögu félagsins og það gerum við aftur nú.

Hallgrímur bóndi var í forystu í margvíslegum framfaramálefnum héraðsins, bæði í atvinnu- og menningarmálum. Skógræktarfélagi Borgarfjarðar finnst því við hæfi að heiðra minningu hans og Sigríðar Helgadóttur konu hans í tilefni af 75 ára afmæli félagsins 5. nóvember 2013 - og við endurnýjun girðingar við reitinn góða sem þau gáfu Skógræktarfélaginu.

Hallgrímur var fæddur árið 1864, dóttursonur sr. Sveins Níelssonar á Staðarstað og Guðnýjar skáldkonu frá Kömbum, sem lifðu djúpt í ástum og listum eins og lifað hefur með þjóðinni löngum í dramatískum sögnum. Móðurbróðir Hallgríms á Grímsstöðum var nafni hans, Hallgrímur biskup í Reykjavík og bróðir hans var hinn landskunni prófessor og guðspekingur, sr. Haraldur Níelsson.

Sigríður Helgadóttir húsfreyja var ekki síður af ætt landskunnra athafna- og listamanna komin. Hún var líka barnabarn prests, sr. Vernharðs Þorkelssonar í Reykholti. Hún var dóttir Helga í Vogi Helgasonar sem var listasmiður á járn og alþingismaður, eins og var einnig faðir hans Helgi, bróðir skáldsins Sigurðar í Jörva. Fjórir voru þeir Helgar mann fram af manni hagleiksmenn og snillingar í Vogi.

Þau hjón ráku umsvifamikið bú á Grímsstöðum og voru annáluð um land allt fyrir gestrisni og höfðingsskap. Þó hlýtur reksturinn að hafa verið þungur á köflum, því ekki sluppu þau við áföll. Þannig brann bærinn á Grímsstöðum í tvígang í búskapartíð þeirra Hallgríms en þau byggðu nýtt frá grunni. Í seinna skiptið á gamlaársdag 1914 – og eftir það var steinhúsið byggt sem við senn sjáum. Þau áttu fjölda barna, mikið efnisfólk sem átti afkomendur sem skipta nú orðið hundruðum. Margt af því fólki er einmitt mikið athafnafólk og listafólk á ýmsum sviðum þjóðlífsins.

En þótt búið krefðist margs - fjöldi vinnufólks var löngum í þessum lendum - og þau ættu sjö börn sjálf, þá var samt húsrými og kannski það sem meira var um vert - hjartarými - fyrir fleiri en þeirra eigin börn og barnabörn, því á Grímsstöðum ólust upp og dvöldust til lengri eða skemmri tíma fjöldamörg önnur börn, sum vandalaus, önnur börn vina eða ættingja. „Öllum þessum hópi voru þau Grímsstaðahjón sem bestu foreldrar“, sagði Aðalbjörg Sigurðardóttir í minningargrein um svilkonu sína.

Hallgrímur bóndi þótti óvenjulegur maður, heitur í lund, fluggáfaður og málsnjall, brennandi í anda, eins og Haraldur var, bróðir hans, sögðu menn. Oftar en einu sinni stóð hann frammi fyrir áföllum og hruni en reis upp úr öskustónni óhræddur við nýjungar og tilraunir í búskap sínum og viðhorfi til lífsins: Lát hann stökkva, svo draumur þíns hjarta rætist, segir í kvæði Einars Benediktssonar sem bóndinn á Grímsstöðum hafði miklar mætur á.

Hjónin Hallgrímur Níelsson (1864-1950) og Sigríður Helgadóttir (1858-1958) lifðu langa og merka ævi á óðali sínu og héldu meðal annars víðfræg gullbrúðkaup og demantsbrúðkaup sín hátíðleg hér í sveitum. Frá þessu var sagt í blöðum þess tíma, til dæmis frá gullbrúðkaupi þeirra 18. júní 1936 þegar nær

Guðni Haraldsson, einn fjölmargra afkomenda hjónanna Hallgríms Níelssonar og Sigríðar Helgadóttur, við mynd af þeim hjónum (Mynd: RF).

100 manns sóttu þau heim. Þá var þeim færð heiðursgjöf, undirritað skrautskjal af 140 manns. Dagurinn leið við glaum og gleði og hafði hálfur kjallari hússins verið klæddur innan og sátu þar 60-70 manns í einu að snæðingi og hlýddu á ræður og ávörp, við söng og gamanmál.

Þegar þetta brúðkaup var haldið 1936 voru gömlu hjónin enn heilsuhraust og hin unglegustu og áttu bæði langa ævi fyrir höndum. Hann féll frá 1950 en hún varð hundrað ára og dó árið 1958.

Á þeirra tímum hafði vegur þessa heimilis og þessarar jarðar vaxið svo um munaði. Hallgrímur var vissulega fjáraflamaður, en því fór fjarri að hann og þau hjón teldu sig geta einvörðungu lifað af efnislegum gæðum jarðarinnar, það varð að hugsa stærra, það varð að hugsa hærra. Hvarvetna þekktu menn til menningarheimilisins á Grímsstöðum, þar sem var víðfrægt bókasafn til upplyftingar andanum og hljóðfæri til yndis mönnum.

Hallgrímur þótti stundum skapharður og gustmikill – samfara andlegu fjöri og hugmyndagleði. Og það var „viðkvæmt þel undir harðri skel“. Hallgrímur var einnig landskunnur hestamaður og átti jafnan besta gæðing sveitarinnar. Og þar var hans yndi að fara á hestum og ríða hratt, fá þrótti sínum útrás og örvun frá hestinum og landinu: Lát hann stökkva svo draumar þíns hjarta rætist!

Óskar í Véum

Svipmyndir ársins

T.h. Það eru ekki bara trén sem mynda skóginn, heldur er oft heilmikið líf í gangi í skógarbotninum. Hér eru hinir myndarlegustu sveppir komnir með góða hlíf af barrnálum fyrir veturinn, í skóginum að Gunnfríðarstöðum, einum skógarreita Skógræktarfélags A-Húnvetninga (Mynd: Páll Ingþór Kristinsson).

T.h. Í júní kom hópur frá Þýska skógræktarsambandinu í heimsókn til Íslands og fór hringferð um landið til að skoða náttúru og skóga hérlendis. Hér má sjá nokkra ferðalanga skoða dæmigert íslenskt „kræklubirki“ í Skaftafelli (Mynd: RF).

T.v. Í september heimsóttu tíu nemar Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna Skógræktarfélag Hafnarfjarðar heim, en nemarnir eru hér á landi í sex mánaða námi í landgræðslufræðum sem Landbúnaðarháskóli Íslands heldur utan um. Þetta er í þriðja sinn sem nemar við Landgræðsluskóla SÞ heimsækja Skógræktarfélagið, en að þessu sinni voru nemarnir frá Níger, Namibíu, Eþíópíu, Úganda, Ghana, Mongólíu og Kirgistan (Mynd: Skógræktarfélag Hafnarfjarðar).

T. v. Félagsmenn í Skógræktarfélagi A-Skaftfellinga safna efnivið í jólaskreytingar í skóginum á Haukafelli á Mýrum. Efnið var meðal annars nýtt í leiðisskreytingar og tröpputré, sem selt var á markaðsdegi þann 1. desember og er það ein fjáröflunarleið félagsins (Mynd: Elín Harðardóttir).

T.v. Reykjavíkurborg færði Þórshöfn í Færeyjum myndarlegt jólatré og var tendrað á því við hátíðlega athöfn í miðborg Þórshafnar þann 30. nóvember. Var tréð fellt í Heiðmörk og gefið af Skógræktarfélagi Reykjavíkur, en Eimskip sá um flutning þess til Færeyja. Er tréð sitkagreni, af kvæminu Homer. Var það gróðursett árið 1960, af stúlknahópi Vinnuskóla Reykjavíkur, ásamt starfsfólki Skógræktarfélagsins. Nú, rúmri hálfri öld síðar, reyndist tréð vera orðið 12 m hátt og 40 cm í þvermál. (Mynd: Alan Brockie).

Svipmyndir ársins

T. h. Skógræktarfélag Mosfellsbæjar og Skógræktarfélag Reykjavíkur stóðu fyrir fjölskylduhjólaferð í lok júní. Lagt var af stað frá Elliðavatnsbænum, aðsetri Skógræktarfélags Reykjavíkur og hjólað að aðstöðu Skógræktarfélags Mosfellsbæjar í Hamrahlíð í Úlfarsfelli við Vesturlandsveg (Mynd: Kristín Davíðsdóttir).

T.v. Skógurinn í Hellisskógi, svæði Skógræktarfélags Selfoss, er notaður til margra hluta. Á vordögum komu félagar úr POWERtalk deildinni Jóru á Selfossi og fræddust um starfsemi Skógræktarfélagsins. Í framhaldinu héldu Jórur svo fund í skóginum, en þar lék minnismerkið (ræðupúltið) stórt hlutverk í ræðuæfingum þeirra (Mynd: Björgvin Eggertsson).

T.h. Grindavíkurbær fékk í fyrsta skipti nú fyrir jólin torgtré úr Selskógi, svæði Skógræktarfélags Grindavíkur. Hefur þessi nýbreytni mælst vel fyrir meðal bæjarbúa, enda um fallegustu tré að ræða, sem njóta sín vel, eins og sjá má (Mynd: Guðmundur Grétar Karlsson).

T.v. Skógræktarfélag Dýrafjarðar hélt í haust grisjunarnámskeið, í samstarfi við Skjólskóga á Vestfjörðum. Var 60 ára trjálundur í Brekkudal í Dýrafirði notaður við kennsluna, en eins og sjá má höfðu trén þar dafnað vel og því alveg kominn tími á grisjun (Mynd: Sæmundur Þorvaldsson).

Skógræktarfélag Garðabæjar hefur um margra ára skeið staðið fyrir haustferð, þar sem heimsóttir eru ræktunarstaðir í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Það er siður hjá félaginu að þakka fyrir móttöku á hverjum stað með því að færa gestgjöfum trjáplöntur úr ræktun félagsins að gjöf. Hér eru það hjónin María Hákonardóttir og Erich Köppel (fyrir miðju), sem taka við plöntum frá Barböru Stanzeit (t.v.) og Kristrúnu Sigurðardóttur (t.h.), sem báðar eru stjórnarmenn í Skógræktarfélagi Garðabæjar (Mynd: Erla Bil Bjarnardóttir).

Ísafjörður

Útgerðarfélagið Kjölur ehf,
Urðarvegi 37

Hvammstangi

Húnaþing vestra,
Hvammstangabraut 5

Sauðárkrókur

Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
K-Tak ehf, Borgartúni 1
Skagafjarðarveitur, s: 455-2000,
Borgarteigi 15

Akureyri

Höldur ehf, bílaleiga,
Tryggvabraut 12
Norðurorka hf, Rangárvöllum
Orlofsbyggðin Illugastöðum,
Fnjóskadal
Raftákn ehf, Glerárgötu 34
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1

Dalvík

Promens Dalvík ehf,
Gunnarsbraut 12

Húsavík

Knarrareyri ehf, Túngötu 6
Sorpsamlag Þingeyinga ehf,
Víðimóum 3

Laugar

Framhaldsskólinn á Laugum,
Laugum, Reykjadal

Vopnafjörður

Vopnafjarðarhreppur,
Hamrahlíð 15

Egilsstaðir

Fljótsdalshérað, Lyngási 12
Gróðrarstöðin Barri ehf,
Valgerðarstöðum 4
Héraðsprent ehf, Miðvangi 1
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf,
Einhleypingi 1

Reyðarfjörður

Tærgesen, veitinga- og gistihús,
Búðargötu 4

Neskaupstaður

Síldarvinnslan hf, Hafnarbraut 6
Tónspil ehf, Hafnarbraut 22

Höfn í Hornafirði

Skinney-Þinganes hf, Krossey

Selfoss

Búnaðarfélag Bláskógabyggðar,
Dalbraut 1
Orkugerðin ehf, Heiðargerði 5
Vélaverkstæði Þóris ehf,
Austurvegi 69

Hveragerði

Heilsustofnun NLFÍ
www.hnlfi.is,
Grænumörk 10

Þorlákshöfn

Garðyrkjustjóri
Sveitarfélagsins Ölfuss,
Hafnarbergi 1

Hvolsvöllur

Anna og Árni á Akri, Akri
Búaðföng-bu.is, Stórólfsvelli

Vestmannaeyjar

Ísfélag Vestmannaeyja hf,
Strandvegi 28

Skógræktarfélag Íslands þakkar öllum styrktaraðilum kærlega fyrir stuðninginn við útgáfu Laufblaðsins árið 2013.
Gleðileg jól!

Fræðsluferð til Colorado

Skógræktarfélag Íslands stóð fyrir fræðsluferð til Colorado dagana 26. september til 6. október 2013. Var stefnan að þessu sinni tekin til Colorado-fylkis í Bandaríkjunum. Flogið var til Denver. Heimsóttar voru tvær stöðvar U.S. Forest Service, þar sem ferðalangar fengu fræðslu um skóga í Colorado og mál þeim tengd. Voru skógar, landslag og sögustaðir í Colorado skoðaðir í ferðinni, en farin var hringferð um fylkið og endað aftur í Denver, þaðan sem flogið var heim. Meðal annars voru Rocky Mountain og Black Canyon-þjóðgarðarnir heimsóttir, ýmsir þjóðskógar og ekið um mörg há fjallaskörð, auk þess sem tekin var lestarferð upp á Pikes Peak fjallið, en það er rúmlega 4.300 m hátt.

Aðeins þurfti að hnika til dagskránni vegna flóða, sem verið höfðu vikuna áður en komið var út og höfðu rofið suma vegi sem stóð til að fara, sem og vegna vinnustöðvunar alríkisstarfsmanna, sem þýddi lokun þjóðgarða. Ferðalangarnir létu það hins vegar lítið á sig fá, enda margt áhugavert að sjá í Colorado.

Skógurinn í Red Mountain Pass skartar sínu fegursta að hausti til. Haustlitirnir eru flestir frá nöturösp (Populus tremouloides), sem er mjög útbreidd tegund í fjöllunum í Colorado (Mynd: RF).

Að ofan. Jarðíkorni, kenndur við Colorado („Colorado chipmunk“, lat. Neotamias quadrivittatus) að gæða sér á hnetu (Mynd: RF).

T.v. Ferðalangar halda til skógar í Wolf Creek Pass, að skoða gróðurinn. Skógurinn þar í kring hefur farið mjög illa, vegna samspils barkarbjöllu og langvarandi þurrka (Mynd: RF).

Horft til vesturs frá Cottonwood Pass, úr tæplega 3.700 m hæð (Mynd: RF).

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

FIT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA
www.fit.is

GARÐABÆR

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

molta

orkusalan

Skógræktarfélag Reykjavíkur

íslenskt grænmeti
Þú veist hvaðan það kemur

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Óskum ykkur öllum gleðilegra jóla
og velfarnaðar á komandi ári.
Þökkum samskiptin
á árinu sem er að líða.

GRÓÐRARSTÖÐIN
Mörk
Stjörnugróf 18 • Sími 581 4550 • Fax 581 2228

FABRIKAN

75 YEARS
KÄRCHER®

Háþrýstidælur
Þegar gerðar eru hámarkskröfur

Teg: K 2.21
110 bör max
360 ltr/klst

Teg: K 5.700
140 bör max
460 ltr/klst

Teg: T 300
Snúningsdiskur
Gerir pallinn eins og nýjan

Teg: K 6.600
150 bör max
550 ltr/klst

Teg: K 4.200
130 bör max
450 ltr/klst

Teg: K 7.700/K 7.710
160 bör max
600 ltr/klst

RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · Fax 568-0215 · www.rafver.is
FAGMENNSKA ALLA LEIÐ

Völvuskógur - Opinn skógur á Skógum undir Eyjafjöllum opnaður

Völvuskógur á Skógum undir Eyjafjöllum var formlega opnaður sem Opinn skógur sunnudaginn 15. september og var af því tilefni efnt til hátíðardagskrár í skóginum.

Veðrið var ekki alveg upp á sitt besta þennan dag, því það blés heldur hressilega, en þrátt fyrir það var vel mætt á opnunina. Hófst hún með göngu frá upplýsingaskilti um Völvuskóg upp í skóginn, þar sem Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, opnaði skóginn formlega með því að klippa á borða yfir stíg inn í skóginn. Að því loknu tóku við ávörp frá Magnúsi Gunnarssyni, formanni Skógræktarfélags Íslands, Sigurði Inga, Ágústi Árnasyni, fulltrúa fyrrum nemenda Skógaskóla og Ísólfi Gylfa Pálmasyni, sveitarstjóra Rangárþings eystra. Inn á milli ávarpa tók Viðarbandið vel valin lög.

Að ávörpum loknum tók við ratleikur um skóginn fyrir yngri kynslóðina (og unga í anda!). Fengu sigurvegarar bakkaplöntur í verðlaun. Einnig var boðið upp á kaffihressingu og lauk dagskránni svo með gönguferð um skóginn, þar sem gestir gátu kynnt sér þá aðstöðu sem búið er að koma upp í skóginum, en búið er að leggja göngustíga, brýr og merkja einstakar trjátegundir.

Styrktaraðilar við opnun Völvuskógar voru Arion-banki og Skeljungur, Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, Skógasafn og Rangárþing eystra.

Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, opnar skóginn formlega með aðstoð Björns Sigurðssonar frá Arion banka og Magnúsar Gunnarssonar, formanns Skógræktarfélags Íslands (Mynd: EG).

Viðarbandið tekur lagið (Mynd: RF).

Þátttakendur í ratleik stilla sér upp að leik loknum (Mynd: RF).

Unnið að gerð stíga og brúar. Brúin er gerð úr timbri úr skóginum og voru sérvaldir tveir sveigðir bolir til að nota í grunn, til að fá boga á brúna (Mynd: EG).

Hvernig jólatré ert þú með?

Jólatré eru ómissandi hluti af jólahaldi meginþorra landsmanna og hefur ræktun jólatrjáa verið hluti af almennri skógrækt hérlendis um áratugaskeið. Enn sem komið er, er einungis um fjórðungur-fimmtungur lifandi trjáa sem seld eru hérlendis ræktuð innanlands, megnið er innfluttur nordmannsþinur frá Danmörku. Íslensku jólatrén keppa því við innflutt tré, sem og gervijólatré, en hlutfall þeirra hefur heldur verið að aukast og er nú rúmlega helmingur fólks sem kýs slík tré.

Það er ýmislegt sem veldur því að fólk kýs plastjólatré fram yfir lifandi tré. Jólahald getur komið töluvert við budduna hjá fólki og með því að kaupa gervijólatré, sem nota má ár eftir ár, sparast einn útgjaldaliður um einhverra ára skeið. Fyrir þá sem leiðist að ryksuga upp barrnálar öll jólin er líka „barrheldnin“ á gervitrjánum kostur, auk þess sem nær engar líkur eru á því að frá þeim komi einhver skorkvikindi, eins og getur gerst við lifandi tré (fer þó eftir því hvar og hvernig þau eru geymd milli ára!). Eftir jól þarf að farga lifandi trjám og ekki nenna allir að gera sér ferð í endurvinnslustöð til

Þessi fallegi fjallaþinur, fenginn úr jólaskóginum í Brynjudal, skreytti skrifstofu Skógræktarfélags Íslands jólin 2012. Fjallaþinur er sérlega skemmtilegt jólatré - barrheldinn og vel ilmandi - sem því miður hefur verið alltof lítið ræktaður hér (Mynd: RF).

Hér er bergfura af stærri gerðinni komin í jólabúning. Bergfura er ekki algengt jólatré, enda hefur margfalt minna verið gróðursett af henni heldur en stafafuru, þar sem bergfura vex mun hægar og er að auki viðkvæmari fyrir ákveðnum sveppasjúkdómi en stafafura. Eins og sjá má getur bergfura hins vegar verið hið fallegasta jólatré (Mynd: Gerður Magnúsdóttir).

þess (á þeim stöðum þar sem ekki er í boði að tré séu sótt). Sumum finnst líka einfaldlega synd að vera að höggva lifandi tré, til að láta það standa inni í stofu í tvær til þrjár vikur og henda því svo.

Gervijólatrén hafa líka sína ókosti. Lifandi tré eru almennt mun umhverfisvænni. Það hefur verið reiknað út að þegar búið er að taka tillit til alls ferilsins (öflunar hráefnis, flutnings, meðhöndlunar úrgangs) þarf að nota hvert plasttré í tvo áratugi til að það verði að grænni kosti en lifandi tré. Ólíkt lifandi trjám ilma gervijólatrén ekki, nema úðað sé á þau ilmefnum og þau efni hafa sín umhverfisvandamál.

Hvað aðra ágalla við lifandi tré varðar, þá er það svo, að þótt rauðgreni sé vissulega þekkt fyrir að fara mikið úr nálum ef ekki er vel passað upp á það, eru aðrar trjátegundir mjög barrheldnar, til dæmis stafafura og getur hún þess vegna staðið fram í febrúar! Vissulega er það líka hvimleitt ef hitinn í híbýlum fólks vekur úr dvala ýmislegt annað „líf“ sem fylgt getur trénu, enda nútíma Íslendingar ekki vanir mikilli skordýrafánu í húsum sínum (torfbæirnir hafa hins vegar örugglega verið „lífrænir“ á ýmsa vegu). Líkurnar á því eru hins vegar misjafnar milli

Stafafura getur verið fjölbreytt í laginu og því hægt að finna nettar furur, sem henta vel sem jólatré þar sem pláss er takmarkað (Mynd: RF).

ára, þar sem það eru sveiflur í skordýrastofnum eins og öðrum og tíðarfar fram að því að tréð er hoggið getur haft áhrif. Skordýrin eru í raun bara merki um að trén hafi ekki verið meðhöndluð með eiturefnum og eru því í raun vistvænni fyrir vikið! Heppni eða óheppni spilar líka þarna inn í. Undirrituð er alin upp við að hafa lifandi tré og er sjálf alltaf með lifandi tré en hefur aldrei séð neitt kvikt koma úr þeim. Það má svo benda á að í engum tilfellum er um að ræða skorkvikindi sem eru hættuleg mannfólki. Rétt meðhöndlun getur líka dregið úr líkunum á þessu.

Hvað förgunina á trjánum varðar eru ýmsir kostir í stöðunni. Sums staðar bjóðast íþróttafélög eða önnur félagasamtök til að sækja og farga trjánum gegn smávægilegri þóknun og gefst þar tækifæri til að styrkja við gott málefni. Þar sem svo hagar til er líka hægt að nýta trén í ýmislegt heima við að jólum loknum - greinar má breiða yfir viðkvæman gróður í görðum til skjóls, brytjað niður getur tréð verið ágætasti eldiviður fyrir þá sem hafa arin eða kamínu og tréð getur verið prýðis handverksviður. Það er svo engin ástæða til að hafa samviskubit af því að fella tré til nota fyrir jólatré. Hvað íslensku trén varðar er jólatrjáahöggið víðast hvar liður í nauðsynlegri grisjun skóganna. Þannig er ekki verið að ganga á skóglendi landsins við fellingu trjánna, heldur þvert á móti, verið að auka við þau með auknum tekjum til skógræktarstarfseminnar, en fyrir hvert selt tré er hægt að gróðursetja 30-40 tré. Einnig hafa einstaka félög boðið upp á jólatré í potti og þá er hægt að rækta tréð áfram eftir jól!

Á endanum verður auðvitað hver fyrir sig að

Jólatré geta verið af ýmsum stærðum og gerðum. Hér má sjá svokölluð tröpputré til sölu á Jólamarkaðinum á Elliðavatni, en þau eru vinsæl til skreytinga úti við, á tröppum og pöllum (Mynd: RF).

ákveða, út frá sínum forsendum, hvaða jólatré verður fyrir valinu. Það er hins vegar ýmislegt sem mælir með lifandi trjám. Undirrituð hefur eytt jólunum með ýmsum gerðum af lifandi trjám í gegnum tíðina, bæði innfluttum og íslenskum. Tréð mitt undanfarin ár hefur hins vegar verið það sama. Ilmandi og barrheldin stafafura.

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Hjá mörgum er það ómissandi hluti af jólunum að fara með fjölskyldunni út í skóg og fella sér sitt eigið jólatré. Skógræktarfélög og aðrir aðilar víða um land bjóða upp á slíka útiveru með fjölskyldunni (Mynd: RF).

Jólatrén okkar

Það eru sífellt fleiri fjölskyldur sem velja að fara með fjölskyldunni út í skóg og fella sitt eigið jólatré, í skógum þar sem boðið er upp á það, enda getur slík ferð bæði verið skemmtileg ævintýraferð fyrir yngri kynslóðina og góð samverustund fjölskyldunnar. Flestir velja sér bara það tré sem þeim finnst fallegast og hugsa kannski minna út í hvaða tré þetta er nákvæmlega, líta bara á tréð sem „jólatré“. Til að auðvelda fólki að greina hvaða tré varð fyrir valinu fékk ritstjóri Laufblaðsins Steinar Björgvinsson, skógfræðing og framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, til að taka saman stutt yfirlit yfir þær tegundir trjáa sem líklegast er að endi í jólatrésfætinum hjá fólki. Mismunandi tré hafa nefnilega mismunandi eiginleika og geta þurft mismunandi meðferð. Yfirlit Steinars fylgir hér á eftir.

Blágreni (*Picea engelmannii*)
Eins og nafnið gefur til kynna er barrið bláleitt sökum vaxhúðar. Bláminn er mestur á árssprotanum en liturinn veðrast af þegar líður á veturinn. Nálarnar eru nánast einslitar að ofan- og neðanverðu og eru um 1,5 – 2,5 sm á lengd. Barrið er ekki sérstaklega stingandi. Blágreni er yfirleitt frekar grannvaxið. Greinarnar sveigjast niður frá stofni og upp í endann og sitja frekar þétt á trénu. Blágreni er barrheldnara en önnur grenitré. Blágrenigreinar eru því gott skreytingaefni. Eftirspurn eftir blágrenijólatrjám er meiri en framboð. Þar sem sitkalús sækir mjög í blágreni þrífst það best þar sem vetur eru ekki of mildir en lúsin þolir illa mikið frost.

Hinn bláleiti litur blágrenis (til hægri) sést sérstaklega vel þegar hann er borinn saman við „hreinni“ græna tóna rauðgrenisins og stafafurunnar til vinstri og í baksýn. Þessi myndarlegu tré vaxa í skóginum í Brynjudal í Hvalfirði (Mynd: RF).

Fjallaþinur (*Abies lasiocarpa*)
Barrið er mjúkt viðkomu, gjarnan blágrænt og 2 – 4 sm á lengd. Brumin eru hnöttótt með ljósu harpixi. Greinar láréttar í misþéttum skýrt afmörkuðum krönsum. Fjallaþinur ilmar mjög vel og mikið. Barrheldinn. Fjallaþinsgreinar eru úrvals skreytingaefni. Eftirspurn er meiri en framboð.

Rauðgrenitré í Brynjudal í Hvalfirði. Rauðgreni er með fallegan ljósgrænan lit og fíngerðar, stuttar nálar (Mynd: RF).

Rauðgreni (*Picea abies*)
Barr rauðgrenis er yfirleitt ljósgrænt. Nálarnar eru stuttar (1 – 2 sm) og ekki sérstaklega hvassar. Þær eru nánast einslitar að ofan- og neðanverðu. Greinar gjarnan sveigðar niður frá stofni og upp í endann á eldri trjám með drjúpandi smágreinum. Greinar láréttar eða aðeins uppsveigðar á ungum trjám. Rauðgreni er yfirleitt þétt að sjá enda sitja greinakransarnir alla jafna þétt á stofninum. Rauðgreni er yfirleitt frekar grannvaxið. Mikilvægt er að rauðgrenijólatré séu meðhöndluð rétt svo þau endist vel. Góð reynsla er af því að flysja þau og „sjóða“. Einnig

leggja sumir þau í bleyti áður en þau eru sett upp. Vatn má aldrei skorta eftir að tréð er komið inn í stofu. Með þessu móti endist rauðgreni vikum saman sem jólatré.

Sitkagreni (*Picea sitchensis*)
Barr sitkagrenis er dökkgrænt að ofanverðu en bláhvítt að neðan. Nálar eru 1,5 – 2,5 sm og stingandi. Greinar eru láréttar neðarlega í krónunni en uppstæðar ofar. Sitkagreni verður breiðvaxið með aldrinum. Þar sem sitkgreni er hraðvaxið við góðar aðstæður verður það gjarnan gisið. Með klippingu og ræktun í ekki of frjóum jarðvegi má fá fram þétt jólatré. Sitkabastarður/hvítsitkagreni (*Picea x lutzii*) er algengt hérlendis. Fínlegra heldur en sitkagreni. Nálar meira einslitar að ofan og neðanverðu og ekki eins stingandi. Stundum ber á sólberjalykt hjá bastarðinum sem fylgir hvítgreninu.

Hér sést vel litamunurinn ofan og neðan á nálunum á sitkagreni - dökkgrænt að ofanverðu en bláhvítt að neðan (Mynd: JGP).

Síberíuþinur (*Abies sibirica*)
Barr ljósgrænt, mjúkt. Ljósara að neðanverðu. Krónan frekar grannvaxin. Barrheldinn. Framboð er mjög takmarkað.

Stafafura (*Pinus contorta*)
Barrið er skærgrænt og sitja nálarnar tvær saman í knippi (stundum þrjár). Nálarnar eru 2,5 – 6 sm langar. Brumin eru rauðbrún og frekar mjó. Stafafura er gjarnan nokkuð breiðvaxin. Ef hún vex ekki of hratt er hún sæmilega þétt. Stafafura er barrheldið og ilmandi jólatré. Stafafura verður snemma kynþroska og þroskar köngla flest ár. Stafafura hefur verið mest selda íslenska jólatréð um all nokkurt skeið. Greinar af stafafuru eru góðar í hverskonar skreytingar. Lýsingin hér að ofan á við stafafuru af Skagwaykvæmi. Stafafurur af innlandskvæmum virðast síður eða alls ekki henta sem jólatré en barr þeirra skiptir gjarnan um lit á veturna og verður gulleitt.

Skærgrænn litur stafafurunnar nýtur sín vel á móti haustlitum lyngsins. Stafafura getur verið mismunandi í vexti eftir uppvaxtarskilyrðum, frá löngum, mjóum og gisnum spírum upp í krúttleg og bústin tré eins og sjá má á þessari mynd (Mynd: RF).

Nordmannsþinur (*Abies nordmanniana*)
Nálarnar eru mjúkar, um 3 sm á lengd, dökkgrænar og gljáandi á efra borði og nánast hvítar að neðan. Öll nordmannsþinjólatré og -greinar sem hér eru til sölu eru innflutt frá Danmörku. Nordmannsþinur er sjaldgæfur í ræktun hérlendis en virðist þrífast sums staðar þar sem skógarskjóls gætir.

Fjallaþinur kominn í jólabúning (Mynd: RF).

Trjálundur SÁÁ í Heiðmörk

Skjól í bata - nýbreytni í ræktun

Um miðjan október 2013 vígði formaður Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ), Arnþór Jónsson, trjálund SÁÁ í Heiðmörk við hátíðlega en látlausa athöfn. Sú hugmynd vaknaði í september 2013 í vinahópi SÁÁ á fasbók að fagna mætti áfangasigrum í baráttu við Bakkus og félaga með því að dýrka frekar skógargyðjuna - samhliða góðu bataferli - og rækta landið um leið og batann.

Margt er líkt með því að rækta land og lund - án vímuefna:

• hvort tveggja krefst *ákvörðunar* um að vilja bæta láð og líf;
• í báðum tilvikum er um baráttu upp á *líf* og dauða að ræða - annars blasir auðnin við;
• bæði verkefnin hafa *gildi* í sjálfu sér en leiða einnig gott af sér;
• skógrækt og mannrækt eru hvor tveggja til *langs tíma*;
• ræktun á skógi og sál getur verið svolítið erfið en er mjög *skemmtileg*;
• slík ræktun tekur svolítinn *tíma* - en minni tíma en hinn valkosturinn: eyðimörk;
• hvort tveggja þarfnast skjóls, *ástundunar* og stuðnings frá upphafi;
• *samtakamáttur* er lykilatriði í mannrækt sem skógrækt;
• vel heppnuð gróðursetning og *áburður* í upphafi getur skipt sköpum um hvernig fyrstu skrefin ganga;
• *upphafsskeiðið* er viðkvæmt;
• aldrei má sofna á verðinum því *áföllin* gera ekki boð á undan sér - jafnvel stór og sterk tré geta bognað, brotnað eða rifnað upp með rótum en yfirleitt er unnt að bæta skaðann og hlynna að skógi eftir áföll eins og batanum með réttum - og margreyndum - aðferðum.

Hugmyndin er í fyrsta lagi að einu sinni til tvisvar á ári - t.d. á hvítasunnudag að vori og í kringum afmæli SÁÁ í október - hittist velunnarar lundarins og geri sér glaðan dag með fjölskyldunni og planti trjám eftir skipulagi sem er í mótun og verður væntanlega borið undir SÁÁ í samráði við Skógræktarfélag Reykjavíkur (SR) á komandi ári. Í öðru lagi er tilgangur trjálundarins að einstakir félagar geti gróðursett sín áfangatré í sérstökum reit eða á stað sem umsjónarmaður vísar á. Í þriðja lagi hóf formaður SÁÁ þá hefð við vígsluna haustið 2013 að gróðursetja árlega veglegt og viðeigandi afmælistré; að þessu sinni varð fyrir valinu *Pearly King*-reynir sem skarta mun bleikum berjum fyrir komandi kynslóðir vímuefnalausra útivistarfíkla.

Fyrsta afmælistré SÁÁ - reynitré (Pearly King) gróðursett í Trjálundi SÁÁ í Heiðmörk (Mynd: Gísli Tryggvason).

Allar trjátegundir eru leyfðar en rétt er að velja þeim stað eftir aðstæðum og tegund.

Fyrir hönd timburmanna - óformlegs umsjónarhóps trjálundarins í Heiðmörk - vil ég þakka SÁÁ og SR stuðning og styrk við að hrinda þessu verkefni í framkvæmd hratt og örugglega - og vonast til að um verði að ræða farsælt og félagslegt langtímaverkefni. Vonandi verður trjálundurinn sú sameign sem einkunnarorð AA - bati, þjónusta, eining - endurspegla en starf SÁÁ er vitaskuld í góðu samræmi við þau orð enda þótt skipulag samtakanna og eðli þeirra sé ólíkt.

Meðal verkefna á næsta ári er að koma upp aðstöðu svo sem borð, bekki og grill - gjarnan úr efni sem samrýmist útivistar- og sjálfbærnimarkmiðum Heiðmerkur.

Gísli Tryggvason,
umsjónarmaður trjálundarins.

Svipmyndir ársins

T.v. Sjálfboðaliðar á vegum Seeds-samtakanna vinna að gerð stígar í Völvuskógi á Skógum undir Eyjafjöllum, en hann var opnaður sem Opinn skógur í september. Nánar má lesa um skóginn annars staðar í blaðinu (Mynd: Þorsteinn Jónsson)
Að neðan. Starfsmenn áhaldahúss Rangárþings eystra kurla efni í göngustíga í Völvuskógi. Efni sem féll til við grisjun var kurlað og nýtt á staðnum (Mynd: Þorsteinn Jónsson).

T.v. Á Hönnunarmars í vor mátti sjá þessi áhugaverðu útihúsgögn, frá vörumerkinu Fang, en húsgögnin eru hönnuð af Dagný Land Design og Túndra arkitektum. Húsgögnin eru framleidd úr íslenskum skógarviði á verkstæðum Litla-Hrauns. Vonandi er þetta vísir að frekari nýtingu íslensks efniviðar í framtíðinni, (Mynd: RF).

T.h. Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður Landgræðslusjóðs og Þuríður Yngvadóttir formaður, Skógræktarfélags Mosfellsbæjar, undirrita samning um minningarreit um Hjálmar R. Bárðarson og konu hans Else á Langahrygg í Mosfellsbæ (Mynd: Þuríður Yngvadóttir).

T.v. Skógræktarfélag Árnesinga er lang stærsti framleiðandi jólatrjáa á Suðurlandi. Í desember hafa starfsmenn Skógræktarfélagsins verið að saga jólatré sem mörg fara á markað á höfuðborgarsvæðinu, en síðustu helgarnar fyrir jól er hægt að kaupa sér jólatré í fjölmörgum skóglendum skógræktarfélaganna. Nú í ár eru tuttugu og tvö skógræktarfélög sem selja jólatré, auk Skógræktarfélags Íslands. Á myndinni er Böðvar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Árnesinga, með stafafuru (Mynd: Björgvin Eggertsson).

Aðventuhelgi á Úlfljótsvatni

Aðventuhelgi var nú haldin í fyrsta skipti í Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni. Tókst hún mjög vel og er ætlunin að gera þetta árlega héðan í frá, fyrstu helgina í aðventu.

Boðið var upp á jólasmiðjur; piparkökubakstur og skreytingar, konfektgerð og svo jólaföndur, en í jólaföndrinu var meðal annars notast við efnivið af svæðinu - greinar, köngla og greni. Einnig bauðst fólki að sækja sér jólatré og hafði Skógræktarfélag skáta við Úlfljótsvatn umsjón með þeim lið dagskrárinnar.

Að ofan. Piparkökugerð er vinsæl hjá öllum aldurshópum. Fyrir unga fólkið getur samt verið vissara að fá leiðbeiningar í byrjun (Mynd: Guðrún Ása Kristleifsdóttir).

T.v. Fallega skreytt jólatré við hrímaðan glugga skapar ekta jólatemmingu. Gestir aðventuhelgarinnar hituðu sig upp með súpu (eða grjónagraut fyrir börnin) og kakó og smákökum áður en haldið var út í kuldann og heim á leið (Mynd: Guðrún Ása Kristleifsdóttir).

Barnahornið

Á MYNDUNUM HÉR FYRIR NEÐAN ERU TÍU ATRIÐI EKKI EINS Á BÁÐUM MYNDUNUM. FINNIÐ ÖLL TÍU!